

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á

Fimmtudagur 28. september 2017 | 34. töl. 15. árg. | Útgáfa 10.500 eintök. | Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

VÍKING
Léttol

Alla Daga
500 ml

500 kr.!

Palace Chinese Cuisine



DREKAVELLIR 10
Mjög falleg 5 herbergja íbúð á efri hæð í fjórþýli. Vel staðsett. 150 fm, björt og rúmgóð. **Verð 54,9 millj.**



STUÐLABERG 104
Sérlega fallegt tvílyft endaraðhús með bílskúr. Samtals 170 fm. Vel staðsett í Setbergshverfinu. **Verð 67,9 millj.**



DREKAVELLIR 18
Falleg 3-4ja herb. íbúð á 3ju hæð í lyftuhúsi. Góð staðsetning. Stutt í skóla og leikskóla. Stærð 99 fm. **Verð 38,7 millj.**

HRAUNHAMAR
F A S T E I G N A S A L A

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is
Stofnuð 1983

Súrdeigsbrauðin okkar eru alvöru

- ◆ Heilkorna
- ◆ 100% spelt
- ◆ Sykurlaus
- ◆ Gerlaus
- ◆ Oliulaus

Jón Arnljós
KÖKULIST



Kökulist, verslunarmiðstöðinni Firði



Hádegisréttir og helgarbröns

MATHÚS BAR
VON
Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is

Tónlistarferð ungmenna til Cuxhaven

Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskólans á ferðalagi

Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar er nú á ferð í Cuxhaven, vinabæ Hafnarfjarðar í Þýskalandi. Er sveitin að endurgjalda heimsókn hljómsveitarinnar Amandus.

Í ferðinni æfa ungmennin saman íslensk og þýsk þjóðlög og vinna í litlum hópum en markmið verkefnisins er að koma á góðum tengslum milli ungmennanna í gegnum tónlist, leik og sköpun og að þessi nýi hljóðheimur með náttúruhljóðum opni þeim

leiðir og vikki sjóndeildarhringinn til nýsköpunar og frekara samstarfs. Hljómsveit-

in kemur heim á morgun eftir vikuférlag.



Uppm.: Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Hópurinn á ströndinni í Cuxhaven



Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17

Sími: 520 2600
Opíð virka daga kl. 9-17
as@as.is

www.as.is

HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

25% afsláttur

af ALLRI LADY málningu frá



LADY litur mánaðarins

7163 MINTY BREEZE

Gráleitur með léttum mintutón.

Ekki pastel, frekar mjúkur og hljóðlátur.



Þín verslun í Hafnarfirði

Byggjum á betra verði

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066, fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmíðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



leiðarinn

Um þessar mundir er verið að leggja ljósleiðara inn í öll hús í Hafnarfirði. Þykir góð nettenging orðin svo sjálfsgöð að eðlilegt þykir að leggja í þann mikla stofnkostnað að leggja ljósleiðara inn í hvert hús. Þykir ekki nóg að hann sé einn sem þó afkastar meira en nokkurt heimili þarf heldur eru þeir víða tveir og ekki einu sinni lagðir í sama skurðinn. Þetta er gert undir merkjum samkeppni þar sem samvinna virðist vera af hinu vonda.

En góð nettenging gefur fólki möguleika á að vera á flakki en samt stunda sína vinnu. Því hraðari tenging því betra. Þannig gerir jafnvel ágæt nettenging mér kleift að vinna þetta blað á tölvu í Hafnarfirði þó ég sé staddur í Kanada. Hins vegar hefur allt of lítil áhersla verið lögð á góða nettengingu víða um land og hefur það jafnvel orðið til þess að fólk hefur þurft að flytja til þéttbýlli svæða í stað þess að geta sinnt vinnu sinni í sinni heimabyggð. Ljósleiðaratenging hefur hingað til verið alltof dýr fyrir minni fyrirtæki og stofnkostnaður mikill sem ekki hefur verið talinn forsvaranlegur í leiguhúsnæði. Þetta hefur orðið til þess að fyrirtæki hafa t.d. hrökklast frá Hafnarfirði til nágrannasveitarfélaganna. Nú sem betur fer er þetta að lagast og Hafnarfjörður er að verða vel tengdur bæ.

Fjör er að færast í landsmálapólitíkuna og setur hún skugga á komandi sveitarstjórnarkosningar. Hafnarfirðingar mega vænta nýrra framboða og ekki er ólíklegt að landslagið breytist hér í bæ. Sjálfstæðisflokkur og Samfylking hafa hingað til deilt völdunum en hver veit nema ný öfl setji strik í reikninginn. Hafnarfjörður er kominn undan smásjá eftirlitsstofnunar með rekstri sveitarfélaga en á enn langt í land að minnka skuldir niður í ásættanlegt hlutfall sem bæjarstjóri stefnir að. Því ber að varast dýru kosningaloforðin.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktisimar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sunnudagur 1. október:

Hátíð í kirkjunni

Sunnudagaskóli kl. 11

Guðsþjónusta kl. 14

(ath. breyttan tíma)

Kirkjukór og barnakórar syngja.

Kaffisala Kvenfélagsins

Hin árlega kaffisala Kvenfélagsins hefst í safnaðarheimilinu að lokinni guðsþjónustu.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 1. október

Guðsþjónusta og sunnudagaskóli kl. 11

Starf eldri borgara á miðvikudögum kl. 13.30

Nýja safnaðarheimilið vígt 8. október kl. 14

www.astjarnarkirkja.is

Hreinsun athafnasvæða

Hafnarfjarðarbær skorar nú á fyrirtæki í Hafnarfirði að hreinsa nærumhverfi sitt. „Hrein ásýnd heilt yfir hefur áhrif á upplifun viðskiptavina og viðskipti,“ segir í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ.

GÁMAR FYRIR TIMBUR OG JÁRN

Dagana 15. september - 6. október eru stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja í Hafnarfirði hvattir til að rýna í sitt nærumhverfi og taka sérstaklega til hendinni við hreinsun innan lóðarmarka.

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 1. október

Sunnudagaskóli og messa kl. 11

Fermingarbörn taka virkan þátt.

Mánudagur 2. október

Markþjálfun kl. 19-21 fyrir 16-19 ára

Miðvikudagur 4. október

Morgunmessa kl. 8.15

Léttur morgunverður á eftir.

Fimmtudagur 5. október

TTT, Tíu Til Tólf ára starf

Í Vonarhöfn.

Barna- og unglingakórar á mánudögum og fimmtudögum.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



Víðistaðakirkja

Sunnudaginn 1. október

Tónlistarguðsþjónusta kl. 11

Kór Áttthagafélags Strandamanna syngur undir stjórn Agota Joo.

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt og fræðandi dagskrá.

Hressing eftir guðsþjónustu.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:00

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is

Gámum hefur verið komið fyrir á þremur stöðum í Hafnarfirði og eru gámar einkum hugsaðir fyrir losun á timbri og járnri frá fyrirtækjum á hverju svæði fyrir sig. Gámar eru á svæðinu til föstudagsins 6. október.

OPNUNARTILBOÐ

NÝ VERSLUN Í STAÐARBERGI

STÓRIR GÓU
HRAUNBITAR/
ÆÐIBITAR
129 KR.
150G PK.



NOA KROPP
249 KR.
200G PK.



ICELAND PIZZUR
DEEP PAN OG THIN & CRISPY
199 KR.
STK.



DORITOS
ALLAR TEG.
129 KR.
170G STK.



HNETU/KÓKÓSBITI
HINNESK HOLLUSTA
79 KR.
40G STK.



BEN & JERRY'S
499 KR.
500ml STK.



BLÁBER
DRISCOLL'S
199 KR.
125G PK.



TOPPUR
KOLSYRT VATN/SITRONU
329 KR.
4X 2L PK.

JARÐARBER
DRISCOLL'S
199 KR.
250G PK.



PEPSI OG
PEPSI MAX Í DÓS
69 KR.
500ML STK.



MYLLU
SKÖFFLU/MÖNDLU
KAKA
349 KR.
340G PK.



MS
KÓKÓMJÓLK
449 KR.
6x250ML PK.



MS
HLEÐSLUPRENNNA
399 KR.
3x250ML PK.



ALI
BAYONNE SKINKA
1099 KR.
KG.



KJARNAFÆÐI
HEIÐALAMB
LÆRI
1399 KR.
KG.



AMINO ENERGY
ALLAR TEG.
1999 KR.
270G STK.



H-BERG
PIPAR MÖNDLUR
229 KR.
150G PK.



KJÖRFLUGL
KJUKLINGABRINGUR
1699 KR.
KG.



SS
LAMBAFILE M/FITU
3699 KR.
KG.

LAXASPOÐAR
M/ SÖSU
1099 KR.
HEITREYKTUR KG.



FJALLALAMB
LAMBALÆRI
999 KR.
KG.



BIRKIREYKTUR/
GRAFINN
LAX
699 KR.
1 SNEIÐUM KG.



HOLTA KJÖRFLUGL
HEILL
549 KR.
KG.



HOLTA KJÖRFLUGL
LEGGIR
599 KR.
KG.



OPÍÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND
ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA,
GLÆSIBÆ OG STAÐARBERGI

*Tilboðin gilda út sunnudaginn 1. október í Iceland Staðarbergi

Fengu Forsetamerki

Árleg afhending Forsetamerkis skátahreyfingarinnar fór fram í Bessastaðakirkju sl. laugardag að viðstöddu forystufólki BIS og aðstandendum forsetamerkishafa.

Forseti Íslands hr. Guðni Th. Jóhannesson afhenti Forsetamerkið í Bessastaðakirkju en allst voru Forsetamerkishafar 8 að þessu sinni og tveir þeirra eru úr Skátafélaginu

Hraunbúum hér í bæ. Alls hafa tæplega 1400 skátar hlotið þessa viðurkenningu en Ásgeir Ásgeirsson var fyrstur forseta til að afhenda þetta merki 24. apríl 1965.

Að athöfn lokinni var gestum boðið til kaffisamsætis í Bessastaðastofu.

Forsetamerkið er æðsta viðurkenning sem rekkaskátar geta unnið að og að baki viðurkenningarinnar liggur mikil vinna hjá þeim er merkið hljóta.

FORSETAMERKISHAFAR 2017

Jakob H. P. Burgel Ingvarsson,
Skátafélagið Fossbúar
Úlfur Kvaran,
Skátafélagið Fossbúar
Gunnar Ingi Sverrisson,
Skátafélagið Árbúar
Óli Björn Sigurðsson,
Skátafélagið Árbúar
Atli Þór Erlingsson,
Skátafélagið Hraunbúar
Sölvi Ólafsson,
Skátafélagið Hraunbúar
Inga Lilja Þorsteinsdóttir,
Skátafélagið Vífill
Þór Hinriksson, Skátafélagið Kópar.

Stoltir skátarnir með forseta Íslands, hr. Guðna Th. Jóhannessyni.



Ljóm.: Halldór Vahberg Skúlaáson

Qigong námskeið með Þorvaldi Inga

Qigong æfingar hafa verið stundaðar í Kína í yfir 5000 ár en æfingarnar byggja á djúpri öndun, hugleiðslu og hreyfingu. Þorvaldur Ingi Jónsson segir æfingarnar opna allar orkubrautir og losa um andlega og líkamlega spennu en Þorvaldur ásamt Sigurborgu H. Sævaldsdóttur bjóða upp á námskeið sem nefnist Qigong lífsorka og hefst 7. október í Kiwanissalnum Helluhrauni 22.

Þorvaldur segir að markmið námskeiðsins sé að þátttakendur öðlist skilning á grunnvirkni Qigong, geti gert og notið Qigong æfingakerfisins, sem

nefndar eru Gunnarsæfingarnar og upplífi áhrifamatt æfinganna á hindrunarlaust orkuflæði og aukna lífsorku með reglubundinni ástundun.

Meðmæli frá frú Vigdísí Fimboga-dóttur fv. forseta: „Þorvaldur Ingi Jónsson býr yfir einstakri hæfni til að stjórna qigong æfingum af kunnáttu, festu og þeirri persónulegu útteislun sem þær krefjast. Mér er af eigin reynslu ljúft að mæla með Þorvaldi Inga sem frábærum leiðbeinanda fyrir þá sem hafa huga á að kynna sér Qigong til að viðhalda góðri lífsorku og efla jákvæða lífsafstöðu.“



Nánari upplýsingar veitir Þorvaldur í síma 899 2430 og í thor.ingi.jonsson@gmail.com.

Þorvaldur Ingi Jónsson.



Styrkur Tónlistarsjóðs Rótarý

Tónlistarsjóður Rótarý á Íslandi auglýsir eftir styrkumsóknum. Sjóðurinn veitir ungu fólki, sem skarað hefur fram úr á einhverju sviði tónlistar og stefna á að gera tónlist að meginstarfi, viðurkenningu í formi fjárstyrks til frekara náms.

Styrkurinn verður veittur í janúar 2018 og er að upphæð **kr. 800.000**.

Umsóknarfrestur er til 8. október n.k.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu Rótarý á Íslandi, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík.
rotary@rotary.is

Sjá nánar á www.rotary.is



Starfsmaður óskast

Markus Lifenet ehf.

óskar eftir að ráða starfsmann við framleiðslu á björgunarbúnaði. Um er að ræða 100% starf á verkstæði og lager.

Viðkomandi þarf að vera vandvirkur, fjölhæfur, samviskusamur, vinnusamur og stundvís.

Íslenskukunnátta nauðsynleg og enskukunnátta æskileg.

Fólk á öllum aldri hvatt til að sækja um.

Vinsamlegast sendið umsóknir með ferilskrá á MarkusLifenet@simnet.is
Umsóknarfrestur er til 30. október

FH lagði Hauka á Ásvöllum

Hörku leikur og jafn en þó öruggur sigur FH-inga sem er með fullt hús stiga

Þétt var setið á Ásvöllum er grannslagurinn milli Hauka og FH fór fram á sunnudagskvöld í úrvalsdeild karla í handbolta. Fyrir leikinn höfðu þrjú lið í deildinni unnið sína fyrstu tvo leiki og voru Haukar og FH tvö þeirra og því var barist um toppsetið.

Leikurinn byrjaði af krafti og komst FH í stöðuna 1:3 þegar Haukar byrjuðu að skora af krafti og náðu mest þriggja marka mun í stöðunni 9:6. FH komst síðan yfir á 22. mínútu, 9:11. Haukar komust svo aftur yfir 13:12. Óðinn Þór Ríkharðsson skoraði seinasta mark fyrri hálfleiks fyrir FH og var jafn í hálfleik, 13:13.

Daníel Þór Ingason skoraði fyrsta mark seinni hálfleiks fyrir Hauka og

var það eina skiptið sem Haukar voru yfir í seinni hálfleiknum. FH-ingar skorðu svo næstu þrjú mörkin en Arnar Freyr fékk fyrstu brottvísun leiksins á 34. mínútu. Þrátt fyrir það náðu Haukar ekki að skora. Haukar náðu að minnka muninn niður í eitt mark, 16:17 en fengu síðan á sig brottvísun á 42. mínútu. Haukar létu brottvísunina ekki halda aftur af sér og náðu að jafna er korter var til leiksloka. FH-ingar voru svo sterkari á lokamínútum og sigruðu með 4 marka mun, lokatölur 23:27.

Daníel Þór Ingason skoraði 10 mörk fyrir Hauka og Hákon Daði Styrmisson skoraði 6. Björgvin Páll Gústavsson varði 15 skot í marki Hauka.



Lífsen: Vignir Guðnason



Lífsen: Vignir Guðnason

Tjörvi Þorgeirsson skoraði eitt mark fyrir Hauka

Ísak Rafnsson skorar eitt af 6 mörkum sínum.

Ísak Rafnsson og Ágúst Birgisson voru markahæstir FH-inga með 6 mörk hvor, Óðinn Þór Ríkharðsson skoraði 5 og Ásbjörn Friðriksson 4. Birkir Fannar Bragason varði 8 skot í marki FH og Ágúst Elí Björgvinsson varði 5.

FH situr nú á toppnum með fullt hús stiga ásamt Val en FH er með betri markatölu.

Haukar eru með Stjórnumni, ÍR, ÍBV og Selfossi í 3. - 7. sæti.

NÆSTU LEIKIR

Næsti leikur Hauka verður gegn Stjórnumni í Garðabæ á kvöld kl. 19.30 og næsti leikur FH verður gegn Gróttu í Kaplakrika einnig í kvöld kl. 19.30.



FH-ingar fögnuðu vel á Ásvöllum end komnir með montréttinn fræga.

Hellisgerði 100 ára

Skipað hefur verið í starfshóp vegna 100 ára afmælis Hellisgerðis í samræmi við ákvörðun umhverfis- og framkvæmdaráðs. Hafa þau Helga Ingólfsdóttir, Sverrir Jörstad Sverrisson og

Þórunn Blöndal verið skipuð í hópinn en með hópnum starfa Ingibjörg Sigurðardóttir garðyrkjustjóri og Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt/ umhverfisfulltrúi.

Sýning á St. Jósepsspítala

Sigurður Guðjónsson hefur opnað sýninguna Innljós í kapellu og líkhúsi St. Jósefsspítala Opíð miðvikudagsunnudaga kl. 12-17. Lokað mánudaga og þriðjudaga - opnað er fyrir hópa utan

reglulegs opnunartíma. Sýning Sigurðar er sú fyrsta í röð sýninga sem Listasafn ASÍ skipuleggur og eru hluti af menntunar- og kynningarátaki safnsins til næstu ára.

SMÁUGLÝSINGAR

Til sölu

Nytjamarcaður að Eyrartröð 5.

Fóstudaga, laugardaga og sunnudaga.
Ópið kl. 13-18

þjónusta

Garðsláttur í einum grænum.

Tek að mér garðslátt og önnur smáverk.
Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Bílaþrif. Kem og sæki.

Bón verndar bíllinn. Urvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.

Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265
siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

tapað - fundið

Karlmanns gleraugu töpuðust 11. sept.,
gætu hafa týnst á göngustigum
meðfram sjónum. Finnandi vinsamlega
hringi í síma 866 8766.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Frístunda-
akstur

S.k. frístundaakstur er hafinn í Hafnarfirði þar sem börnum í 1. og 2. bekk gefst tækifæri á að fá akstur frá öllum grunnskólum bæjarins á ákveðnar íþróttæfingar þriggja íþróttafélaga.

Öllum börnum í 1. og 2. bekk gefst færi á að nýta sér þennan akstur og farið er frá öllum skólum bæjarins. Til að byrja með er eingöngu ekið á æfingar hjá Björkum, fótboltaæfingar hjá FH og Haukum. Segir í frétt á fréttavef Hafnarfjarðarbæjar að þetta sé upphafsskref við að stytta vinnutíma barna og verið sé að skoða hvort hægt sé að aka börnum í Tónlistarskólann auk þess sem öðrum íþróttagreinum og tómstundafélögum verður gefinn kostur á að tengjast þessum akstri. Í dag eru hátt í 300 börn skráð í aksturinn og er skráð í hann á Mínum síðum á www.hafnarfjordur.is.

Fræðsluráð ákvað að aksturinn yrði foreldrum að kostnaðarlausu en flestir hafa keypt vistun fyrir börn sín á frístundaheimilum sem getur varað til kl. 17 á hverjum degi.

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

...eða notaðu formið á
www.fjardarfrettir.is

„Vertu snjall undir stýri“

Átak gegn snjallsímanotkun undirritað í Hafnarfirði

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur hrunnið af stað forvarnaverkefnið „Vertu snjall undir stýri“ sem ætlað er að vinna gegn notkun snjalltækja undir stýri. Slysátölur, bæði frá Evrópu og Ameríku, sýna að um 25% allra slysa í umferðinni megi rekja beint til notkunar snjalltækja undir stýri. Ágúst Mogensen hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa segir að heimfæra megi þessar tölur á Ísland.

Félagið fékk til samstarfs við sig fjölmörg stórfyrirtæki en samstarfið gengur út á það að atvinnubílstjórar á vegum fyrirtækjanna fá fræðslu um málefnið og hættunarnar sem fylgja notkun snjalltækja undir stýri. Fyrirtækin merkjá svo bílana sína með



Dagbjartur Brynjarsson fær leiðsögn hjá ökukennara.



Fulltrúar fyrirtækjanna í samstarfinu ásamt Þór varaformanni Landsbjargar.

slagorði verkefnisins og miðla því þannig boðskapnum til annara ökumanna um leið og atvinnubílstjórarinn sýna gott fordæmi með því að „vera snjallir undir stýri“.

Samningar við fyrirtækin voru undirritaðir á braut Ökuskóla 3 í Hafnarfirði

Ökumaður missir tök á hálkubílum á brautinni en hefur góða leiðsögn ökukennarans.

Ótryggð á vespum
valda tjónum

Gríðarleg aukning hefur verið á umferð ungs fólk á vélknúnum hjólum sem enn hafa ekki verið tekin til skráninga þó lög kveði nú á um að öll slík hjól skuli skráð. Það er þó ekki eigendanna sök því Umferðarstofa hefur enn ekki hafið skráningu á hjólunum.

Ökumaður bifreiðar varð fyrir því að 15 ára ökumaður á vélknúnu hjóli ók á bifreið og olli töluverðu tjóni. Sagði ökumaðurinn að hann neyðist líklega til að bera tjónið sjálfur því engin trygging er á hjólinu og þó móðir drengsins hafi sagt að þetta kæmi henni ekki við, hann yrði að tala við tryggingarfélagið hennar, þá kemur í ljós að tjón sem slík hjól valda eru ekki bætt af heimilstryggingu viðkomandi.

Aðspurður hvort hann muni ekki sækja rétt sinn segir hann að lögreglan hafi aðeins tekið skýrslu og geri síðan ekkert í málinu. Þá þurfi hann að fá sér lögfræðing til að sækja bætur til fjölskyldunnar en það finnst honum of mikil fyrirhöfn.

Hér í bæ er algengt að sjá börn á töluverðum hraða á þessum hjólum, bæði á vegum og gangstéttum og ekki sé óalgengt að sjá slík hjól utan vega, á túnum og jafnvel inni í Hellisgerði. Lítið eftirlit virðist vera með akstri þessara hjóla og ekki vitað um að lögregla hafi mælt hraða þeirra. Hins vegar hefur lögregla haft afskipti af þeim sem fjölmenna á slíkum hjólum en mjög algengt er að sjá tvo á slíkum hjólum og allt upp í fjóra.

Í síðustu viku en þá gafst viðstöddum einnig kostur á að prófa hálkubíl á brautinni með misjöfnum árangri.



Á DÖFINNI

Hafnarborg

Tvær sýningar standa nú yfir í Hafnarborg. Það eru sýningarnar „Málverk – ekki miðill“ í aðalsal safnsins og sýningin „Erindi“ í Sverrissal.

Leiðsögn með
sýningarstjóra

Á sunnudaginn kl. 14 mun Jóhannes Dagsson, sýningarstjóri sýningarinnar Málverk – ekki miðill ásamt listakonunum Huldu Stefánsdóttur og Ingunni Fjölu Ingþórsdóttur ræða við gesti safnsins um sýninguna og aðdraganda hennar. Hulda og Ingunn eru meðal þeirra 9 listamanna sem eiga verk á sýningunni

Sendið tilkynningu um viðburði á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Sumarhúsaeygndur ósáttir með hestaumferð í Sléttuhlíð

Stjórn Félags frístundahúsa í Sléttuhlíð hefur ritað Hafnarfjarðarbæ bréf og ítrekað erindi frá 2014 þar sem amast er við aukinni umferða hestamanna um veginn í Sléttuhlíð.

Segir í bréfinu að í sumar hafi alveg keyrt um þverbak hvað umferð hesta varði. „Mjög aukin umferð er um þennan veg frá því sem áður var. Stórir hópar frá Íshestum fara nokkrum sinnum á dag um veginn, í hverri ferð fara um það bil 30-40 hestar með ferðamenn á baki frá fyrirtækinu. Auk þess nota félagar úr hestamannfélaginu Sörla akveginn. Mikill gróður og mörg blind horn hafa auk þess myndast á veginum vegna óhefts gróðurs sem vaxið hefur mjög miklið sl. ár á þessu svæði.

Af þessu hlýst mikil slysaþætta, eins og fólk í einu sumarhúsinu horfði á í júlí sl. Þar lá við stórslysi er bíl keyrði akveginn á blindu horni, með þeim afleiðingum að hrossin fældust. Þarna munaði aðeins hársbreidd á því að stórslys yrði. Fjöldmargir hestar hrösuðu og dattu nokkrir hestamenn af baki.



Ljóm: Guðni Gíslason

Kræklóttur vegurinn að sumarhúsumum í Sléttuhlíð.

Umræddur vegur þar sem þetta atvik gerðist er skv. deiliskipulagi frá 2006 skilgreindur sem akvegur.“

SKILTI SEM BANNAÐI HESTAUMFERÐ TEKID NIÐUR

Vorið 2014 var sett upp skilti sem bannaði umferð hesta um akveginn.

Skiltið var svo fjarlægð eftir samþykkt umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar 24. september 2014 án alls samráðs við Félag sumarmálsaeygnda í Sléttuhlíð.

Telja bréfitarar löngu tímabært að umhverfis- og framkvæmdaráð ihugi ábyrgð sína með því að leyfa þessa blönduðu umferð.

Vilja undirgöng eða forgang

Hestamenn hafa áhyggjur af göngu- og hjólastíg við Hlíðarþúfur

Stjórn hestamannafélagsins Sörla og stjórn húseigendafélagsins í Hlíðarþúfum hafa haft miklar áhyggjur af hjólandi umferð í bland við ríðandi þegar nýr göngu- og hjólastígur sem verið er að gera meðfram Kaldárselsvegi er tilbúinn. Segir í bréfi til bæjaryfirvalda að hraði reiðhjóla hafi aukist verulega á síðari árum og megi búast við að umferð um malbikaðan hjólastíg verði býsna hröð. Segir í bréfinu að hröð umferð reiðhjólanna og ríðandi vegfarenda fari illa saman og sé ávisun á slys.

Því óska ofangreindir eftir viðeigandi aðgerðum til að stemma stígu við hraða

hjólríðamanna þegar hjólað er framhjá hesthúsaeygndinni við Hlíðarþúfur. Telja bréfitarar bestu lausn til framtíðar vera undirgöng sem myndu liggja bæði undir stíginn og Kaldárselsvegin.

Þar til að mögulegt er að ráðast í þessháttar framkvæmdir óska þeir eftir skammtíma lausnum eins og t.d. að hjólríðastígurinn verði ekki malbikaður fyrir framan Hlíðarþúfur, að settar verði varúðarmerkingar, að hestamenn eigi forgang - biðskyldu hjá hjólríðafólki og jafnvel hlið sem þrengja og hægja á hjólandi umferð o.p.h. til að auka öryggi allra við Hlíðarþúfur.

Göngu- og hjólríðastígurinn er langþráður stígur útivistarfólks sem hingað til hefur mátt ganga, hlaupa og hjóla eftir þröngum Kaldárselsveginum.

Þá hefur stjórn Sörla einnig sent bæjaryfirvöldum bréf og óskað eftir því að í ár verði veitt 7 milljónum kr. til reiðvega á félagssvæði Sörla og mest af

því fari í að klára reiðveginn yfir Bleiksteinsháls svo hægt verði að taka hann í notkun fyrir veturinn.

Segir í bréfinu að mun meiri umferð sé um gömlu reiðvegina með vaxandi atvinnustarfsemi hestaleiga auk þess sem aukist hefur að hestar séu á húsi svo til allt árið.



Nýi göngu- og hjólastígurinn innan við Hlíðarþúfur.

Ljóm: Guðni Gíslason

ÍÞRÓTTIR

Fótbolti:

29. sept. kl. 16.15, Ásvellir
Haukar - ÍBV, úrvalsdeild kvenna

29. sept. kl. 16.15, Akuryri
Dór/KA - FH, úrvalsdeild kvenna

30. sept. kl. 14, Kaplakriki
FH - Breiðablik, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

KR - Haukar:
FH - Valur:

ÚRSLIT KARLA:

Víkingur Ó. - FH:
Selfoss - Haukar:
Fjölfnir - FH:

Handbolti:

28. sept. kl. 19.30, Kaplakriki
FH - Gróttu, úrvalsdeild karla

28. sept. kl. 19.30, Garðabær
Stjarnan - Haukar, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Stjarnan: 21-25
FH - Fram U: 28-24

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - FH: 23-27

Körfubolti:

4. okt. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Stjarnan, úrvalsd. kvenna

Í Bike Cave færðu ljúffengan fiskrétt dagsins í hádeginu alla virka daga. Uppáhellt kaffi fylgir með! fyrir aðeins 1.795 krónur



Sjáumst!

Hafnarborg, Hafnarfirði • Opið alla daga kl. 9-22
www.bikecave.is • sími 571 3144 • Erum á Facebook

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Veisla fyrir vinnustadinn

Sólskin í glasi og sælkerasamlökur

veisla@lemon.is

Lemon



Hönnun
& umbrot



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.
BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRDUR
hhus@hhus.is | stofnað 1990

Afar og ömmur hlupu í hitabylgju í Montreal

87 manna hópur frá FH tók þátt í Rock & Roll maraþoninu í Montreal

Hítinn setti heldur betur strík í reikninginn hjá þeim sem tóku þátt í í Rock & Roll maraþoninu í Montreal í Kanada en það var haldið sl. sunnudag. Hlaupahópur FH fjölmennti í hlaupið og sendi 87 manna hóp til Kanada. Stór hluti hópsins ætlaði að hlaupa heilt maraþon en daginn fyrir brottför barst tilkynning frá mótshöldurum um að neyðst hefði að aflýsa maraþoninu vegna vondrar veðurspár. Búið var við um 28 stiga hita og yfir 90% raka. Var hálfu maraþoni flýtt og lagt af stað kl. 7:30 um morguninn þegar aðeins var um 23°C er sólin var að koma upp.

Um 52 FH-ingar hlupu hálf t maraþon og komust allir klakklaust í mark þrátt fyrir brakandi sól og mikinn hita. Alls tóku 18.644 hlauparar þátt í hálfu maraþoninu og 7.040 í



Glæsilegar konurnar í hópnum, nýbúnað að hlaupa 10 km og hálf t maraþon í hitanum.



Karlarnir voru líka eldhressir eftir hlaupið.

10 km hlaupinu og þurftu um 900 að fá aðstoð sjúkraliðs sem er mun hærri tala en þegar keppt er í lægra hitastig. Hítinn fór yfir 30 stig síðar um daginn.



Hlaupaömmurnar glæsilegu sem hlupu í Montreal.



Eldhressir afar sem hlupu í hitanum í Montreal.

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARDAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARDAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Góð stemming er í hlaupahópnum þrátt fyrir allt því þrátt fyrir að ýmsir hafa stefnt á að bæta sinn árangur þá virðast allir ánægðir að hafa klárað hlaupið klakklaust. Hlauparamir úr FH eru á öllum aldri og elsti hlauparinn 68 ára og margir afar og margar ömmur sem hlupu.